

274. fundur 13. mars 2008

**Fundargerð 274. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 13. mars 2008 kl. 15:00.**

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5 a, Reykhólum.

Fundargerðin rituð á tölvu og er hún þrjár blaðsíður að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Egill Sigurgeirsson, Sigurbjörg Daníelsdóttir, Karl Kristjánsson, Rebekka Eiríksdóttir og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Gústaf Jökull setti fund og bauð menn velkomna.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð 273. fundar hreppsnefndar 14. febrúar 2008. Samþykkt.
2. Fundargerð skipulags- bygginga- og hafnarnefndar 3. mars 2008 .Afgreiðslu á lið 1 undir liðnum til afgreiðslu frestað og einnig afgreiðslu á lið nr. 5 undir önnur mál. Sveitarstjóra falið að halda við fyrri umsóknum í hafnarmálum og senda inn viðkomandi eyðublöð. Samþykkt að öðru leiti.

Til afgreiðslu:

1. Bréf dags 26.febrúar 2008 frá Umhverfisnefnd Alþingis með ósk um umsagnir um frumvörp til laga um skipulagslög, mannvirki og brunavarnir. Erindinu vísað til skipulags- og bygginganefndar.
2. Bréf dags. 18. febrúar 2008 frá Hagþjónustu landbúnaðarins með beiðni til sveitarfélagsins um að yfirfara og leiðrétta eftir þörfum Lögbýlaskrá. Karli falið að yfirfara skrána ásamt sveitarstjóra.
3. Bréf ódags.frá Breiðafjarðarfléttunni um ályktun um samgöngur á svæði Breiðafjarðarfléttunnar og með beiðni um að Reykhólahreppur beiti sér með þeim fyrir samgönguframkvæmdum þeim sem þeir leggja áherslu á. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindi Breiðafjarðarfléttunnar um vegabætur við Breiðafjörð og leggur áherslu á að samgöngur verði tryggðar við Breiðafjarðareyjar.
4. Tölvupóstur dag. 16. febrúar 2008 frá Vatnsveitu Flateyjar með beiðni um stuðning við það verkefni að koma nýjum vatnstaki fyrir og lögn frá höfn að byggð. Ákveðið að kaupa 2-3 brunahana sem munu tengjast vatnsveitunni.
5. Bréf dags. 20. febrúar 2008 frá Ungmennafélaginu Aftureldingu með beiðni um rekstrarstyrk. Samþykkt.
6. Bréf dags. 25. febrúar 2008 frá Bolag ehf með beiðni um að fá 5% eignarhlut Reykhólahrepps í Hergilsey keyptan. Erindinu hafnað.
7. Bréf frá Bergsveini G. Reynissyni með beiðni um styrk til Kanadaferðar vegna ráðstefnu- og upplýsingaferðar um kræklingaeldi. Samþykkt að styrkja Bergsvein um kr. 100.000.

8. Minnisblað Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins dags. 25.feb. 2008 vegna óskar Reykhólahrepps um kaup á hluta jarðarinnar Reykhóla. Ákveðið að halda vinnufund fyrir næsta hreppsnefndarfund og ljúka verkinu.
9. Tillaga um að Reykhólahreppur taki upp skjalastjórnunarkerfi. Sveitarstjóra falið að vinna í málinu og finna heppilegt kerfi og leggja fyrir næsta fund.
10. Bréf dags. 28. febrúar 2008 frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga með boðun XXII. landsþing Sambandsins. Lagt fram til kynningar.

Mál til kynningar:

1. Bréf dags. 20. febrúar 2008 frá Landvernd um hugmyndasmíð Landverndar um veggangavæðingu á Vestfjörðum sem varanlega lausn á raunverulegum vanda. Lagt fram til kynningar.
2. Bréf dags. 18. febrúar 2008 frá Heilsbrigðiseftirliti Vestfjarða með fundargerð heilbrigðisnefndar 15. febrúar 2008. Lagt fram til kynningar.

Önnur mál.

1. Fundargerð umhverfis- og náttúruverndar 21. febrúar 2008. Samþykkt.
2. Hólatröð – gatnagerð. Ákveðið að bjóða verkið út í opnu útboði.
3. Hafnarbætur í Flatey, ályktun. Sveitarstjóra falið að vinna í málinu.
4. Erindi frá Kaupfélagi Króskfjarðar með beiðni um niðurfellingu fasteignagjalda og sorpeyingargjalds. Erindinu hafnað.
5. Endurnýjun samnings við Búnaðarsamtök Vesturlands um búfjárefntilvit. Samþykkt að endurnýja samninginn.
6. Tölvupóstur dags. 10. mars 2008 frá Óskari Leifi Arnarssyni um styrk til örnefnaskráningu. Erindið samþykkt.
7. Bréf dags. á Mið- Góu 2008 frá Guðjóni D. Gunnarssyni um verslunarmál. Lagt fram til kynningar.
8. Bréf dags. 4. mars 2008 frá konum á Reykhólum með beiðni um að fá afnot af kjallara sundlaugar fyrir þaraböð og stuðning við verkefnið.

Sigurbjörg Daníelsdóttir vikur af fundi.

Samþykkt að verða við erindinu.

Sigurbjörg kemur inn á fundinn.

9. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 12. mars 2008. Leikskólinn. Ákveðið að leita til hönnuða til að skoða þá möguleika sem eru í stöðunni. Tónlistarkennsla. Gústafi Jökli falið að ræða við Viðar Guðmundsson um mögulega tónlistarkennslu í Reykhólahreppi frá næsta hausti. Bókasafnið. Ákveðið að leita til hönnuða eftir hugmyndum.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 20:00.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign), Egill Sigurgeirsson (sign), Sigurbjörg Daníelsdóttir (sign), Karl Kristjánsson (sign), Rebekka Eiríksdóttir (sign), Óskar Steingrímsson (sign).